



Mánudagur, 13. júlí, 2020

Ákvörðun nr. 30/2020

## **Kaup Pennans ehf. á 100% eignarhlut í HB heildverslun ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi, dags 15. júní 2020 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Pennans ehf. (hér eftir „Penninn“) og HB heildverslunar ehf. (hér eftir „HB“). Penninn er verslunarfyrirtæki sem selur bæði til fyrirtækja og einstaklinga. Meðal vara sem fyrirtækið selur eru skrifstofuhúsgögn, skrifstofuvörur, ritföng, afþreyingavörur, þ.m.t. leikföng, gjafavörur og ferðamannavörur. HB er innflutningsaðili og heildverslun með leikföng, matvæli og ýmsar aðrar vörur. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, með síðari breytingum.

Samrunaskrá vegna samrunans taldist fullnægjandi að mati Samkeppniseftirlitsins og tóku frestir til rannsóknar að líða 16. júní 2020.

Við meðferð málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir athugasemdum helstu viðskiptavina og keppnauta samrunaaðila vegna samrunans. Samkeppniseftirlitinu bárust tvær efnislegar umsagnir um samrunann og aðrir hagsmunaaðilar gerðu ekki sérstakar athugasemdir eða skiluðu ekki inn umsögn.

### **II.**

#### **Samruninn og aðilar hans**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfiráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfiráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum Pennans á 100% eignarhlut í HB felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá kemur fram að með kaupsamningi, 24. apríl 2020, hafi samrunaaðilar samþykkt kaup Pennans á 100% eignarhlut í HB heildverslun. Eðli samrunans sé með þeim hætti að Penninn muni eignast allt hlutafé í HB. Markmið samrunans sé að bæta stöðu Pennans á sviði innflutnings og heildverslunar. Ætlun Pennans sé að auka eigið vöruúrval í verslunum sínum með þeim vörum sem HB hefur umboð fyrir, einkum er varðar leikföng. Í kjölfar samrunans munu Penninn og HB vera tengdir aðilar sem móður- og dótturfélag.



Í samrunaskrá segir að Penninn sé verslunarfyrirtæki sem sem þjóni bæði fyrirtækjum og einstaklingum. Vöruframboð sé á sviði skrifstofuhúsgagna, skrifstofuvara, ritfanga, afþreyingar auk ferðmannavara. Tilgangur félagsins sé samkvæmt samþykktum þess að reka umboðs og heildverslun með ritföng og hvers konar skrifstofuvörur og húsgögn rekstur smásölu, rekstur fasteigna, lánastarfsemi, eignarhald og viðskipti með hluti í félögum og skyldur rekstur.

Samkvæmt samrunaskrá rekur Penninn sextán verslanir um land allt undir nafninu Penninn Eymundsson. Þá rekur Penninn húsgagnaverslun í Skeifunni 10 og Fyrirtækjaþjónustu Pennans. Jafnframt rekur Penninn fimm ferðamannaverslanir undir merkinu Islandia og Viking, en reksturinn er allur undir kennitölu Pennans. Stöðugildi hjá félaginu eru í kringum 206.

Í samrunaskrá segir að einkahlutafélagið HB heildverslun ehf. hafi verið stofnað árið 2014. Aðalstarfsemi félagsins sé að flytja inn og selja matvöru og leikföng. Félagið starfi á sviði innflutnings og heildverslunar á leikföngum, matvælum og ýmsum öðrum vörum. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum sé að stunda verslunarrekstur, innflutning, heildsölu og smásölu, fasteignarekstur, lánastarfsemi og aðra skylda starfsemi.

Samrunaaðilar telja að þeir starfi að litlu leyti á sama markaði og muni samruninn því hafa óveruleg áhrif á neytendur og milliliði.

### III.

#### Markaðir málsins o.fl.

Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar vöru eða þjónustu.

Til landfræðilegs markaðs telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Samrunaaðilar telja að heildsala með leikföng og tengdar afþreyingavörur sé sérstakur markaður enda ekki um staðgönguvörur að ræða. Í samrunaskrá segir að sú starfsemi sem skarist hjá samrunaaðilum sé starfsemi birgja á markaði með leikföng og tengdum afþreyingavörum. Þannig sé [ ]<sup>1</sup> starfsemi HB á þeim markaði en aðeins sé um

---

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



óverulega hliðarstarfsemi að ræða hjá Pennanum. Að mati samrunaaðila er landfræðilegi markaðurinn sem um ræðir Ísland.

Í samrunaskrá segir að erfitt sé að að greina með ítarlegum hætti stærð markaðar heildsölu á leikföngum og tengdum afþreyingavörum og samrunaaðilum reyndist erfitt að áætla markaðshlutdeild annarra aðila á markaðinum. Í samrunaskrá miðuðu samrunaaðilar við innflutningstölur í mati á áætlaðri markaðshlutdeild aðila. Töldu samrunaaðilar stærð markaðar vera rétt tæpir 2 milljarðar króna en nær 2,5 milljarðar ef tillit væri tekið til víðtækari markaðar með afþreyingavörur. Að mati samrunaaðila telja þeir að hlutdeild sameinaðs félags yrði [ ]<sup>2</sup> og væri horft á markaðinn með hliðsjón af innflutningi væri staða samrunaaðila á þeim markaði afar veik.

Í Evrópskri réttarframkvæmd hefur leikfangamarkaðurinn verið afmarkaður í þrengri undirmarkaði.<sup>3</sup> Samkeppniseftirlitið telur þó ekki ástæðu til þess að skilgreina markaðinn með þrengri hætti en gert er í samrunaskrá, þ.e. markaður heildsölu á leikföngum og tengdum afþreyingavörum

#### IV.

#### Niðurstaða

Í máli þessu er samruni Pennans og HB heildverslunar tekinn til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga um samruna. Því þarf að taka til skoðunar hvort samruni fyrirtækjanna hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar telji að samruninn muni ekki hafa nein áhrif á neytendur á markaði með leikföng eða aðra milliliði. Samrunaaðilar séu að litlu leyti starfandi á sama markaði og með mög takmarkaðan markaðsstyrk á þeim markaði. Heildsala með afþreyingavörur, og þá fyrst og fremst leikföng, sé sá markaður þar sem skörunar gæti hjá aðilum. Telja samrunaaðilar að á þeim markaði séu mjög stórir aðilar og markaðsstyrkur aðila sé því lítill. Þá séu áherslur samrunaaðila ólíkar, þannig að samruninn væri að mestu viðbót við starfsemi Pennans, en ekki stækkun á núverandi starfsemi nema að takmörkuðu leyti.

Við meðferð málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir athugasemdum hagaðila vegna samrunans. Tvær umsagnir bárust þar sem lýst var yfir áhyggjum vegna mögulegrar markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði heildsölu leikfanga og tengdra afþreyingavara. Umsagnaraðilar óskuðu eftir trúnaði. Höfnuðu samrunaaðilar þeim umsögnum og töldu að markaðsstyrkur þeirra yrði það óverulegur að félagið gæti ekki talist í markaðsráðandi stöðu. Einnig bentu samrunaaðilar á að af þeim 24 umsagnarbeiðnum sem sendar voru, lýstu einungis tveir aðilar sig á móti fyrirhuguðum kaupum Pennans á HB.

<sup>2</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>3</sup> Sjá t.d. ákvörðun Bundeskartellamt í máli nr. B2-106/18 (retail sale of games and toys), ákvörðun Konkurrensverket í máli nr. 389/2009 (classic toys sold in specialised stores & licensed "trendy" designer toys) og ákvörðun Servicio de Defensa de la Competencia í máli nr. N-05069 (traditional toys).



Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar telja að um markað sé að ræða sem byggir að mestu leyti á innflutningi og aðeins að óverulegu leyti á innlendri framleiðslu. Erlend áhrif séu því mikil á markaði með tilheyrandi erlendu aðhaldi. Auðvelt sé því fyrir nýja aðila að hasla sér völl og birgjum séu engin takmörk sett í að koma sér upp samböndum hér á landi.

Í samrunaskrá kemur einnig fram að á markaði með heildsölu fyrir leikföng séu ekki miklar aðgangshindranir umfram þær sem eru almennt til staðar á heildsölumarkaði og muni samruninn ekki hafa í för með sér breytingu á markaðshlutdeild samrunaaðila með þeim hætti að þeir verði markaðsráðandi aðili.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að samrunaaðilar starfa að litlu leyti á sama markaði og verður því lárétt samþjöppun vegna samrunans á mörkuðum málsins óveruleg. Er það því ljóst að mati eftirlitsins að samruninn muni ekki styrkja markaðshlutdeild fyrirtækjanna með verulegum hætti eða leiða til annarrar röskunar á samkeppni. Þá er það mat eftirlitsins að ekki séu til staðar miklar aðgangshindranir umfram þær sem almennar eru á markaðnum og samhliða innflutningur mögulegur.

Í ljósi framangreinds er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna samrunans.

#### **V.**

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Pennans ehf. á 100% eignarhlut í HB heildverslun ehf. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson